

Reykjavík, 11. janúar 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Styrkarfélag vangefinna gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um greiðslur til langveikra eða alvarlegar veikra barna.

Í 9. grein er upphæð greiðslunnar tilgreind, en í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er ekki útskýrt hver viðmiðunin sé í þessu sambandi. Einnig segir í 9. gr. frumvarpsins að „félagsmálaráðherra sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunnar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga”. Þarna er talað um „verulegar breytingar”, en ekki útskýrt í athugasemdum hvað átt sé við, né við hvað sé miðað. Spurningin sem kemur upp er hvers vegna ekki megi tengja upphæðina beint við almenna launaþróun. Eins og fram kemur í gr. 11 um uppsöfnun og vernd réttinda eru þau af hinu góða, en bent skal á að lítið verður eftir þegar búið er að standa skil á þessum greiðslum þar sem viðmiðunarupphæð kr. 93.000.- hlýtur að teljast algert lágmark og er auk þess tekjutengd að því er kemur fram í 10 gr., þar sem foreldrar mega ekki þiggja aðrar greiðslur, án þess að skerða umrædda greiðslu.

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að foreldrar geti átt rétt á greiðslum þegar önnur börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlu, en að einungis sé gert ráð fyrir að þeir eigi rétt á greiðslum vegna eins barns í einu. Ljóst má vera að í tilvikum sem þessum geti fjölskylda barnanna orðið fyrir verulegu tekjutapi, auk hins mikla álags sem fylgt getur umönnun þeirra. Í ljósi þessa vekur undrun af hverju ekki komi fram skýr rökstuðningur fyrir þessu í athugasemdum með frumvarpi.

Við lestur frumvarpsins læðist sú hugsun að, miðað við tímann sem fólk á rétt á bótum og þær aðstæður sem fólk er í á þeim tíma, þ.e. e.t.v. yfir veiku barni eða börnum á spítala að fólki sé gert eins erfitt fyrir og mögulegt er að fá þessar greiðslur sem duga þar að auki skammt til framfærslu þegar fólk hefur nýtt sér að halda réttindum sínum á launamarkaði sem hlýtur að vera forgangsmál flestra til lengri tíma lítið.

Með von um að málið verðir yfirfarið í heild og tekið verði tillit til ábendinga þessara.

F.h. Styrkarfélags vangefinna

Þóra Þórarinsdóttir, framkvstj.

Ólafur Þ. Jóhanns. félagsráðgj.